

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 218/2013

2014/EES/29/06

frá 13. desember 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2013 frá 1. júlí 2013 um leyfi fyrir sinkklósambandi af meþíóníni (1:2) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 93. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2013) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„94. **32013 R 0636**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2013 frá 1. júlí 2013 um leyfi fyrir sinkklósambandi af meþíóníni (1:2) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 636/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.